

Dags. fundar: 25. ágúst 2014	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 43
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Fundarritari: Björn Valdimarsson	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Breyting á nefndinni.
2. Dómaralistar.
3. Dómaranámskeið.
4. Fatnaður og merkingar dómara.
5. FINA Offical Seminar.
6. Alþjóðleg mót.
7. Önnur mál.
 - a. Úlpur SSÍ.
 - b. Smáþjóðaleikar – undirbúningur.
 - c. Fundardagar nefndarinnar.

Viðstaddir: Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Jón Hjaltason, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Hilmar Örn Jónasson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Ekki mættur: Gunnlaugur Þráinsson (í sumarfríi skv. sjálfvirku e-mail svári).

Dagskrá:

1. Ragnhildur Guðjónsdóttir, Ægi hefur óskað eftir að hætta í nefndinni vegna anna. Af nefndarinnar hálfu er það samþykkt og henni þökkúð kærlega störfín undanfarin ár. Hún mun samt áfram starfa fyrir sundíþróttina og er hægt að leita til hennar hvenær sem þarf.
2. Farið er yfir dómaralistana og réttindi dómara skoðuð. Listinn verður lagaður og sendur til félaganna til skoðunar. Fljótlega í september ætti hann að vera tilbúinn til birtingar á vefsíðu SSÍ.
3. Drög að atburðardagatali liggja fyrir. Eins og þau líta út er ákveðið að hafa almennt dómaranámskeið 15. eða 16. október 2014, í tengslum við Meistaramót UMSK og Exstramót SH eftir atvikum. Yfirdómaranámskeið er áætlað í lok febrúar í tengslum við Vormót Fjölnis 27. og 28. febrúar 2015. Lokaútskrift yfirdómara yrði þá í kringum ÍM 2015 þar sem yfirdómaranemar verða að vinna á fjórum sundmótum, þ.á m. tveimur SSÍ mótum áður en réttindi verða fullgild. Að lokum er dómaranámskeið fyrir almenna dómara áætlað 18. eða 19. mars 2015 í tengslum við Actavismót SH 21. – 22. mars 2015.
4. Nokkuð margir dómarar hafa fengið hvíta boli til að vera í á bakkanum. Bolirnir eru ómerktir stöðu á bakkanum en DMT-nefnd leggur til við stjórn SSÍ, að dómurum standi til boða að vera merktir nafni og stöðu með nælu í barmi eða í bandi um hálsinn. Það sé val hvers og eins dómara. Að eigin reynslu vita nefndarmeðlimir hversu gott það er að hafa aðra í dómarahópnum merktá þegar byrjað er að vinna sem dómari. Ekki er hægt að læra öll andlit og nöfn á einu móti. Jón Hjaltason mun hanna útlit nafnspjaldsins.

5. Sigurður Óli Guðmundsson frá SH fór til Miami í USA á FINA World Swimming Officials Seminar sem haldið var 19.-22. júní. Hann mun halda erindi um málþingið fyrir dómara á ÍM25 sem verður haldið 14.-16. nóvember n.k.
6. Dómarar á lista alþjóðlegra dómara og ræsa eru hvattir til að sækja beint um til stjórnar SSÍ ef þeir hafa áhuga á að starfa á alþjóðlegum mótum erlendis. Þeim verður sendur tölvupóstur þar um.
7.
 - a. Vangaveltur voru hjá nefndarmönnum hvar úlpurnar, sem ætlaðar voru dómurum SSÍ, eru. Virðist sem þær séu hjá félögum og dómurum í stað þess að vera hjá SSÍ eins og upphaflega var stefnt að. Væri ráðlegt að sendur yrði póstur frá SSÍ og úlpurnar fengnar á einn stað til að vera aðgengilegar þegar þarf.
 - b. Undirbúningur er, eftir því sem DMT-nefnd veit best, í góðum farvegi. Nefndin myndi vilja senda út áminningu um mótið til allra dómara þegar nýr dómaraalisti liggur fyrir.
 - c. Lagt er til að fundir nefndarinnar verði haldnir fysta mánudag í mánuði.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Verkefni *Ábyrgur* *Ljúkist fyrir:*

Dómaraistar – útsendingar á félög.	IELS	Sem fyrst.
Tillaga að merkingum/spjöldum	JHj	Sem fyrst.
Senda út á lista alþjóðlegra	IELS	Sem fyrst

Fundi slitið kl: 18.45. **Næsti fundur:** mánudaginn 6. október n.k. kl. 17.15, í Ásvallalaug.